

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sérstakt tímabundið vörugjald nr. 346/1975.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

Gjaldið skal vera 12% á tímabilinu 17. júlí 1975 til 31. desember 1975, 10% á tímabilinu 1. janúar 1976 til 31. ágúst 1976 og 6% á tímabilinu 1. september 1976 til 31. desember 1976.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heilðsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 12%, 10% og 6%, sbr. 2. mgr. 1. gr., á 89.3% heilðsöluverðsins en það svarar til 10.7%, 8.93% og 5.36% af heilðsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendar framleiðslu á árinu 1975 eru tveir. Gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 17. júlí til 30. september er 1. nóvember 1975 og gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. október til 31. desember er 1. febrúar 1976. Gjaldldagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendar framleiðslu á árinu 1976 eru þrír. Gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. janúar til 30. apríl er 1. júní 1976, gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. maí til 31. ágúst er 1. október 1976 og gjaldldagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. september til 31. desember er 1. febrúar 1977.

4. gr.

1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hið sérstaka vörugjald skal greitt af sölu innlendar framleiðslu frá og með 17. júlí 1975 að telja og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 17. júlí 1975. Skulu lækkanir á gjaldinu hinn 1. janúar 1976 og 1. september 1976 á sama hátt miðaðar við sölu frá og með greindum dagsetningum ef um innlenda framleiðslu er að ræða og töku til tollmeðferðar frá og með greindum dagsetningum sé um innfluttar vörur að ræða. Hafi innflytjandi fyrir 17. júlí 1975 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd án greiðslu hins sérstaka vörugjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 27. júlí 1975.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 77/1975 um sérstakt tímabundið vörugjald til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Ólafsson.